

Aðalfundur Héraðsnefndar 2008

24. nóvember 2008

Aðalfundur Héraðsnefndar Múlasýslna 2008

Reyðarfirði / Fjarðabyggð 24. nóvember kl. 15.00

Fundurinn hófst að loknum stjórnarfundum SSA , sem fór fram á sama stað.

Mættir eru : Bj. Hafþór Guðmundsson , Páll Baldursson , Guðmundur R. Gíslason, Guðmundur Ólafsson , Ólafur Sigurðsson og Anna P.Víglundsóttir . Framkvæmdastjóri HNM mættur.

1 Aðalfundur settur.

Bj. Hafþór Guðmundsson setti fund .

Lögmæti fundar liggur fyrir um mætingu fyrir 100% atkvæða s.m.b. Umboð til handa framkvæmdastjóra HNM lá fyrir frá sveitarstjórum Borgarfjarðarhrepps og Fljótaldalshrepps.

2 Skipan fundarstjóra og ritara.

Bj. Hafþór Guðmundsson skipaður fundarstjóri og Þorvaldur Jóhannsson ritari.

3. Skýrsla stjórnar Héraðsnefndar Múlasýslna.

Framkvæmdastjóri HNM fór yfir skýrslu stjórnar með vísan til fyrirliggjandi fundargerðar Aðalfundar HNM 2007 og fundargerðar stjórnar HNM frá 25. ágúst 2008.

4. Ársreikningur Héraðsnefndar Múlasýslna 2007.

Framkvæmdastjóri fór yfir ársreikninginn sem er undirritaður af kjörnum skoðunarmönnum. og endurskoðanda:

Helstu niðurstöðutölur.

Tekjur frá aðildarsveitarfélögum kr. 750.000.

Gjöld samtals kr. kr. 646.948.

Sem skiptast þannig :

Hlutdeild til SSA 400.0

Stjórnunarkostnaður 18.488.

Ljósmyndasafn Aust.l. 228.500

Vaxtatekjur 26.897

Tekjuafgangur ársins 129.714.

Efnahagur 31.des. 2007.

Peningalegar eignir 1.270.080

Skammtíamskuldir (SSA) 597.193.

Eigið fé 672.887.

Ársreikningur Héraðsnefndar Múlasýslna 2007 borinn upp og samþykktur samhljóða.

5. Endurskoðuð fjárhagsáætlun HNM 2008.

Stjórn HNM hafði óskað eftir því að fá álit lögmanns um stöðu Fjallskilasamþykktar Múlasýslna .m.a. með hliðsjón af dómi Héraðsdóms Norðurlands eystra frá 19. mars 2008 sem varðar réttmæti álgningar fjallskilagjalda Eyjafjarðarsveitar.

Lögmaður Jón Jónsson hefur skilað áliti sínu og hefur það verið sent öllum aðildarsveitarfélögum. (sjá 6. lið)

Til að mæta kostnaði við álitid leggur framkvæmdastjóri til að færa kr. 30.000 af liðnum stjórnunarkostnaður í fjárhagsáætlun 2008 yfir á sérverkefni ,sem verður þá alls 90.000.kr. Niðurstöðutölur tekna 750.000. og gjalda 750.000 breytast ekki.

Endurskoðuð fjarhagsáætlun HNM 2008 borin upp og samþykkt samhljóða.

6. Fjárhagsáætlun HNM 2009.

Framkvæmdastjóri fór yfir og útskýrði fyrirbyggjandi áætlun.

Tekjur : Framlög aðildarsveitarfélaga 750.000.

Gjöld : Þátttaka í stjórnunarkostandi SSA 400.000

Ýmiss stjórnunarkostnaður 30.000.

Sérverkefni 70.000

Ljósm. Safn Austurlands 250.000.

Fjárhagsáætlun HNM 2009 borin upp og samþykkt samhljóða.

7. Fjallskilasamþykkt fyrir Múlasýslur.

Greinargerð J.J. hdl.um fjallskilamál.

Fundarstjóri ryfjaði upp aðdraganda málsins og fór yfir greinargerðina.

Aðalfundurinn tekur undir samþykkt stjórnar frá fundi 25. ágúst um að fá lögmann J.J. til að endurskoða og koma með tillögu að breytingu 13. gr. Fjalskilasamþykktar HNM:

7. Héraðsnefnd Múl. –SSA -Framtíðarskipulag.

Framkvæmdastjóri sagði frá því að nú stæði fyrir dyrum endurskoðun á starfsemi og skipulagi SSA til framtíðar. Verið er að skipa starfshóp hjá SSA sem fær þetta verkefni og á hann að skila tillögum sínum til stjórnar SSA í vor . Rétt er því að starfshópurinn taki inn í sína vinnu, samþykkt frá síðasta aðalfundi HNM um hvernig best megi ljúka starfsemi Héraðsnefndarinnar en SSA hefur haft hana með höndum nú í allmörg ár. Einnig hefur ráðherra sveitarstjórnarmála skipað starfshóp sem á að fara yfir sterfsemi landshlutasamtakanna og svæðasamvinnu sveitarfélaga .

8. Kosningar til eins árs.

A: Stjórnarmenn í Héraðsnefnd Múlasýslna. (Sömu og í stjórn SSA)

Björn Hafþór Guðmundsson Djúpav. Kristín Ágústsdóttir Fjarðab.

Guðmundur R. Gíslason Fjarðab. Valdimar O. Hermannsson Fjarðab.

Páll Baldursson Breiðdalsv. Jón Bj. Hákonarson Fjarðab.

Ólafur Ármannsson Vopnaf. Anna P. Víglundsdóttir Vopanf.

Guðmundur Ólafsson Flj.hér Baldur Pálsson Flj. hér.

Ólafur Sigurðsson Seyðisf. Margrét V. Knútsdóttir Seyðisf.

Björn Á. Ólafsson Flj.hér. Jakob Sigurðsson Borgarf. Eystri

B: Skoðunarmenn ársreikninga. (Sömu og hjá SSA)

Jóhanna Guðmundsdóttir Fl.hér Ólafía Þ. Stefánsdóttir Sf.

Sigurjón Jónasson Fl. hér Ari Bogason S.f.

C: Ritnefnd Múlaþings .

Steinunn Ásmundsdóttir Fljótsdalshéraði.

Jón Ingi Sigurbjörnsson Fljótsdalshéraði

Ingimar Sveinsson Djúpavogi

Cesil Haraldsson Seyðisfjarðarkaupstað

Smári Geirsson Fjarðabyggð. Varamenn ekki kjörnir venju samkvæmt.

9. Önnur mál.

Héraðsvegur :

Framkvæmdastjóri sagði að afrit bréfs til Vg hefðu borist frá Gunnþóri Jónssyni Mælivelli 701 Jökuldal dags. 6. ágúst um styrk i veg að Litlabjargi. Fyrir liggur leyfi landeigenda um framkvæmdina og staðfesting skipulags og bygginganefndar og bæjarstjórnar Fljótshéraðs frá 20.08.08.

Að svo miklu leyti sem um sögn HNM er þörf nú, með breyttum vegalögum og flokkun vega, mælir HNM með stykveitingunni með vísan til fyrir liggjandi upplýsinga.

Fleira ekki tekið fyrir og fundarstjóri sleit því fundi og óskaði mættum góðrar heimferðar.

Sign: Þorvaldur Jóhannsson